

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um vaxtakostnað ríkissjóðs.

1. Hver eru lánskjör útistandandi lánaskuldbindinga ríkissjóðs, flokkuð eftir helstu skuldbindingum?

Nafnvextir einstakra skuldabréfaflokka eru sem hér segir:

Óverðtryggðir flokkar		Verðtryggðir flokkar		Erlendir flokkar	
RIKB 19 0226	8,75%	RIKS 21 0414	3,80%	USD 11. maí 2022	5,88%
RIKB 20 0205	6,25%	RIKS 30 0701	3,25%	EUR 15. júlí 2020	2,50%
RIKB 22 1026	7,25%	RIKS 33 0321	3,00%	EUR 20. des 2022	0,50%
RIKB 25 0612	8,00%				
RIKB 28 1115	5,00%				
RIKB 31 0124	6,50%				
RIKH 18 1009	Br.vextir				

2. Hverjar eru skýringar þess að vaxtakostnaður ríkissjóðs er svo hár sem rakið er í glæruskýringu fjármálaráðherra vegna fjárlagafrumvarps fyrir 2017 og hærri en annarra Evrópuríkja?

Meginþorri lána ríkissjóðs eru innlend, eða 87% af heildarlánasafni. Vaxtastig á Íslandi er talsvert hærra en hjá öðrum Evrópulöndum. Lánskjör ríkissjóðs, bæði innan lands og erlendis, taka mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma sem og þróun efnahags- og ríkisfjármála.

Allir RIKB- og RIKS-flokkarnir sem listaðir eru upp hér á undan bera fasta vexti. Nafnvextir einstakra skuldabréfaflokka ráðast af vaxtastigi á þeim tíma sem fyrsta útboð flokksins fer fram. Elsti flokkurinn, RIKB 19 0226, var fyrst gefinn út í febrúar 2008 þegar vaxtastig á Íslandi var talsvert hærra en nú er. Hann ber 8,75% nafnvexti. Á síðustu árum hefur vaxtastigið lækkað og ber sá nýjasti, RIKB 28 1115, 5% nafnvexti. Það sama á við um erlend lán, en elsta skuldabréfaútgáfan frá árinu 2012 er í bandaríkjadöllum og ber hún 5,875% vexti. Vegna efnahagsbatans, bættrar stöðu ríkisfjármála, hækkunar lánshæfismats ríkissjóðs og hagfelldra skilyrða á alþjóðafjármagnsmörkuðum fékk ríkissjóður mun hagstæðari kjör í síðustu skuldabréfaútgáfu í evrum sem fram fór í desember eða 0,5%.

Með niðurgreiðslu skulda, hagvexti og lækkandi vaxtakostnaði nálgast vaxtakostnaður ríkissjóðs það hlutfall af landsframleiðslu sem vaxtakostnaðurinn svaraði til fyrir hrun fjármálakerfisins.

3. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs?*

Undanfarin ár hefur verið farið í ýmsar aðgerðir með það að augnamiði að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs. Þar ber hæst hraða skuldalækkun sem náðst hefur með afkomubata í ríkisrekstri og óreglulegum tekjum eins og arðgreiðslum og stöðugleikaframlögum. Einnig hefur verið unnið að endurfjármögnun lána á betri kjörum en áður. Skuldalækkun og stöðugur ríkisrekstur hefur haft jákvæð áhrif á lánshæfismat sem aftur lækkaði vaxtakostnað í gegnum nýútgefna skuldabréfaflokka og gerir ríkissjóði kleift að endurfjármagna skuldir sínar á betri kjörum en áður hafa sést. Áfram verður unnið að því að greiða niður skuldir ríkissjóðs á næstu árum með það að markmiði að lækka vaxtakostnað og skapa þannig aukið svigrúm fyrir aðra útgjaldaflokka og fjárfestingar.

4. *Hve stóran hluta útistandandi lána væri unnt að endurfjármagna áður en til gjalddaga kemur?*

Flest lán ríkissjóðs eru úppgreiðanleg, bæði innlend og erlend. Skuldabréf sem ríkissjóður gaf út til að endurfjármagna Seðlabanka Íslands var með ákvæði um að heimild væri til uppgreiðslu hvenær sem er og var það bréf að fullu greitt á vormánuðum 2017. Ríkissjóður hefur í nokkrum tilfellum keypt til baka eigin útgáfur á síðustu misserum og hafa þau uppkaupt tekið mið af markaðsvirði skuldabréfanna á hverjum tíma sem í nær öllum tilvikum hafa verið á yfirverði. Undanskilinn er flokkur ríkisbréfa sem gefinn var út til að endurfjármagna bankana, RIKH 18, en sá flokkur er á breytilegum vöxtum og ríkissjóður hefur leyst til sín langstærsta hluta hans á undirverði.

5. *Hver gæti orðið væntanlegur ávinningur af endurfjármögnun, ef af henni yrði?*

Eins og kemur fram í svari við 4. tölul. fyrirspurnarinnar eru flest lán ríkissjóðs úppgreiðanleg. Ríkissjóður hefur þó alltaf þann möguleika að endurfjármagna útistandandi lán, bæði verðtryggt og óverðtryggt, með uppkaupum og útgáfu nýrra skuldabréfa á móti. Þar sem nær öll lán ríkissjóðs eru skráð á markaði þarf ríkissjóður að greiða markaðsverð fyrir þau í uppkaupum. Í flestum tilvikum útistandandi lána væri um yfirverð að ræða í slíkum uppkaupum. Ávinningur ríkissjóðs af því að kaupa til baka lán miðað við ávöxtunarkröfu á markaði og gefa út nýtt lán á sömu kröfu væri takmarkaður. Þá er framboð bréfa í slíkum uppkaupum alltaf ófyrirsjáanlegt. Sem dæmi má nefna að stærsti eigendahópur ríkisbréfa eru lífeyrissjóðir og í ljósi takmarkaðs framboðs á verðtryggtum fjárfestingarkostum á markaði er vilji lífeyrissjóða til að selja frá sér verðtryggt ríkisbréf takmarkaður. Útgáfa ríkissjóðs á óverðtryggtum bréfum myndar grunn að skuldabréfamarkaði á Íslandi og verðlagningu annarra fjármálaafurða. Eins og fram kemur í stefnu í lánamálum leggur ríkissjóður áherslu á að tryggja verðmyndun með 2, 5 og 10 ára markflokka. Ákveðin hámarksstærð er á hverjum flokki eða 60–70 milljarðar kr. og er það til þess að uppfylla kröfur fjárfesta og tryggja nægilegan seljanleika á eftirmarkaði. Út frá sjónarmiðum fyrirsjáanleika og gagnsæi í útgáfu ríkissjóðs og verðmyndunar á skuldabréfamarkaði er óaskilegt að hrófla mikið við markflokka kerfi ríkisbréfa.

Langtímaáætlanir gera ráð fyrir að flest lán sem falla á gjalddaga á næstu árum verði greidd að fullu í stað þess að endurfjármagna þau. Þar sem í mörgum tilvikum er um að ræða lán frá því stuttu eftir hrun hefur það veruleg jákvæð áhrif á vaxtakostnað þar sem þau bera háa nafnvexti. Áætlanir gera ráð fyrir að vaxtastig breytist lítið á næstu árum frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að skuldabréfaútgáfa í evrum frá því í desember sl. sem er á gjalddaga árið 2022 verði endurfjármögnuð á sömu kjörum og áður en endanleg kjör ráðast af þróun lánshæfismats ríkissjóðs og vaxtastigi í Evrópu á þeim tíma. Eins og áður og samkvæmt

stefnu í lánamálum, er leitast við að nýta tækifæri sem gefast á hverjum tíma til þess að lágmarka vaxtakostnað og draga úr áhættu ríkissjóðs og nýta til þess leiðir eins og uppkaup eða endurfjármögnun sé það hagkvæmt fyrir ríkissjóð.

6. *Hver er vaxtakostnaður sundurliðaður eftir árum og einstökum skuldbindingum í lána-safni ríkissjóðs fyrir tímabilið 2012–2017?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá vaxtakostnað sundurliðaðan eftir tegundum skuldbindinga. Stærsti hluti vaxtakostnaðar er vegna innlendra ríkisbréfa eða rúm 40% af vaxtakostnaði að meðaltali á tímabilinu 2012–2017. Erlend lán skýrðu um fjórðung vaxtakostnaðar og endurfjármögnun bankanna og Seðlabanka Íslands tæplega 20%. Í kjölfar uppkaupa og endurfjármögnunar erlendra lána á síðasta ári lækkar vaxtakostnaður vegna þeirra verulega á yfirstandandi ári. Hlutfall vaxtakostnaðar vegna ríkisbréfa eykst að sama skapi verulega eða í 87%.

Skipting vaxtakostnaðar ríkissjóðs eftir tegundum skuldbindinga 2009-2017 og áætlaður vaxtakostnaður 2018.


Vaxtakostnaður ma.kr.	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ríkisskuldabréf	26,8	29,1	27,2	28,5	28,4	29,0	31,5	33,4	39,0	41,4
Skammtímaskuldir	9,8	6,5	3,7	3,0	3,1	2,7	3,3	3,1	1,5	0,6
Endurfjármögnun Sí	7,1	4,1	4,2	4,4	4,4	8,6	6,8	3,8	0,5	0,0
Endurfjármögnun viðskiptabanka	24,8	12,6	7,6	10,0	10,8	10,8	10,1	10,9	6,7	1,5
Erlend lán	13,8	12,4	16,9	21,7	19,1	18,4	18,6	11,2	23,4	1,7
Annar fjármagnskostnaður	2,0	3,5	6,0	8,0	8,6	9,1	9,1	8,0	1,9	2,5
<b>Samtals</b>	<b>84,3</b>	<b>68,1</b>	<b>65,6</b>	<b>75,6</b>	<b>74,4</b>	<b>78,6</b>	<b>79,3</b>	<b>70,4</b>	<b>72,8</b>	<b>47,7</b>

7. *Hver er ávöxtunarkrafa útstandandi skuldabréfaflokka sem útgefnir eru af ríkissjóði og hver var hún við hverja útgáfu?*

Í fylgiskjali er yfirlit yfir öll útboð í útstandandi flokkum ríkisbréfa og ríkisvíxla. Ávöxtunarkröfu og verð á innlendum skuldabréfaflokkum ríkissjóðs miðað við 12. mars sl. má sjá í eftirfarandi töflu.

Óverðtryggt	Kaup	Krafa
RIKV 18 0416	99,55	4,7
RIKV 18 0515	99,2	4,54
RIKV 18 0615	98,83	4,49
RIKV 18 0807	98,19	4,5
RIKB 19 0226	103,93	4,48
RIKB 20 0205	102,53	4,82
RIKB 22 1026	108,94	5,03
RIKB 25 0612	117,22	5,09
RIKB 28 1115	97,51	5,31
RIKB 31 0124	110,95	5,3
Verðtryggt	Kaup	Krafa
RIKS 21 0414	106,36	1,67
RIKS 30 0701	114,3	1,93

Á myndinni hér á eftir má sjá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa eftir útboðum. Myndin sýnir greinilega hversu jákvæð þróun hefur orðið á þeim vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast.



8. Hvað nam árlegur gjaldfærður vaxtakostnaður lífeyrisskuldbindinga hárrí fjárhæð á árunum 2006–2017?

Samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem voru í gildi á árunum 2006 til og með 2016 voru ekki reiknaðir vextir af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. Breytingar á lífeyrisskuldbindingum eru færðar sem launatengd gjöld. Með lögum um opinber fjármál er kveðið á um að fylgja skuli alþjóðlegum stöðlum í reikningsskilum og framsetningu ríkisfjármála. Í því felst að gert er ráð fyrir að reiknaðir séu vextir af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs en aðrar hækkunar færast um launatengd gjöld. Verður það gert í uppgjöri ríkissjóðs frá og með árinu 2017.

9. Hver hefði árlegur gjaldfærður vaxtakostnaður lífeyrisskuldbindinga verið hefði endurmat þeirra verið gjaldfært í stað þess að færast á endurmatsreikning?

Samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem voru í gildi var hækkun á lífeyrisskuldbindingum ársins skipt í tvennt:

a. Hækkunar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga sem raktar voru til launahækkana hjá opinberum starfsmönnum á árinu. Þær afleiddu hækkunar á skuldbindingum ríkissjóðs voru samkvæmt reikningsskilaaðferðunum færðar um endurmatsreikning á efnahagsreikning, þ.e. utan rekstrarreiknings.

b. Allar aðrar hækkunar á lífeyrisskuldbindingum ársins voru færðar til gjalda á rekstrarreikning sem launatengd gjöld. Þar má nefna áhrif áunninna nýrra lífeyrisréttinda á árinu, yfirtökur á skuldbindingum, breyttar lífslíkur o.fl.

10. *Telur ráðherra að fyrrgreindar færslur á endurmatsreikning hafi verið í fullnægjandi samræmi við þá reikningsskilastaðla sem beita ber við þennan þátt uppgjors ríkisreiknings? Óskað er eftir tilvísun í þá reikningsskilastaðla sem beitt hefur verið í þessu sambandi.*

Þær uppgjorsaðferðir sem giltu til ársloka 2016 voru byggðar á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í skýringu 1 við Ríkisreikning 2016 er fjallað um reikningsskilin en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

a. Reikningsskilaaðferðir ríkissjóðs víkja frá almennum reikningsskilaaðferðum varðandi meðferð varanlegra rekstrarfjármuna sem færa skal til gjalda við kaup en auk þess hefur ríkisreikningsnefnd ákveðið frávik á meðferð verðbóta og gengismuna langtímalána, áfallins orlofs og meðhöndlun eignarhluta í félögum (Ríkisreikningur, 2016 bls. 27).

b. Fjallað er sérstaklega um útreikning lífeyrisskuldbindinga (bls. 28) en þar segir m.a. að í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og áhrif almennra launabreytinga um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu lífeyrisskuldbindinga hjá opinberum starfsmönnum sem Hagstofa Íslands reiknar út mánaðarlega.

Mikilvægt er í þessu samhengi að frávikin í færslumeðferðinni hafa ekki áhrif á bókfærða heildarskuldbindingu í árslok hverju sinni heldur takmarkast þau við færslumeðhöndlun á hreyfingum ársins, þ.e. hvað færast um rekstrarreikning eða um endurmatsreikning. Fyrrgreindar færslur eru samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem giltu í reikningsskilum ríkissjóðs til ársloka 2016 (sjá bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál).

Að lokum er rétt að ítreka að með nýjum lögum um opinber fjármál verður breyting á færslumeðferð lífeyrisskuldbindinga í samræmi við þá alþjóðastaðla sem eiga við í hverju tilviki. Er þá annars vegar átt við reikningsskilastaðla IPSAS og hins vegar hagskýrslustaðla GFS, en þeir beita þó ekki sömu aðferð og ræðst það af ólíku hlutverki þeirra. Samkvæmt IPSAS færast allar hreyfingar ársins vegna skuldbindinga um rekstrarreikning og er þá gjaldfærslunni skipt upp annars vegar í vaxtakostnað og hins vegar launatengd gjöld. Samkvæmt GFS gildir að um rekstrarreikning takmarkast gjaldfærslan við áunnin ný lífeyrisréttindi hjá virkum sjóðfélögum sem teljast vera launatengd gjöld og reiknaður vaxtakostnaður af lífeyrisskuldbindingum. Aðrar hreyfingar á skuldbindingum ársins, svo sem áhrif launabreytinga, breyttra lífslíka o.fl., færast um endurmatsreikning á efnahagsreikning.

## Fylgiskjal.

## Öll útboð í útistandandi flokkum ríkisbréfa og ríkisvixla.

Dag- setning	Uppgjör- dags.	Tegund viðskipta	Flokkur	Tilboð n.v.	Tilboð v.v.	Tekin tilboð n.v.	Tekin tilboð v.v.	Krafa	Verð
21.02.2008	23.02.2008	Útboð	RIKB 19 0226	33.020.000.000	32.681.207.353	10.990.000.000	10.877.235.153	8,900	98,974
13.03.2008	17.03.2008	Útboð	RIKB 19 0226	9.600.000.000	9.063.896.500	2.350.000.000	2.246.415.000	9,323	95,592
17.04.2008	21.04.2008	Útboð	RIKB 19 0226	8.090.000.000	7.084.173.200	2.990.000.000	2.634.128.200	10,620	88,098
29.05.2008	02.06.2008	Útboð	RIKB 19 0226	10.800.000.000	10.177.295.000	6.500.000.000	6.156.725.000	9,501	94,719
19.06.2008	23.06.2008	Útboð	RIKB 19 0226	7.960.000.000	7.306.358.000	5.660.000.000	5.208.078.000	9,951	92,016
24.07.2008	28.07.2008	Útboð	RIKB 19 0226	12.750.000.000	11.477.867.500	6.000.000.000	5.430.052.500	10,191	90,501
23.01.2009	28.01.2009	Útboð	RIKB 19 0226	10.810.000.000	10.111.935.000	6.260.000.000	5.958.875.000	9,590	95,190
20.02.2009	24.02.2009	Útboð	RIKB 19 0226	15.338.000.000	15.140.139.800	8.923.000.000	8.807.893.300	8,950	98,710
20.03.2009	25.03.2009	Útboð	RIKB 19 0226	9.200.500.000	9.140.614.000	7.760.500.000	7.713.937.000	8,840	99,400
17.04.2009	22.04.2009	Útboð	RIKB 19 0226	13.084.000.000	13.015.500.000	10.084.000.000	10.033.580.000	8,820	99,500
09.06.2009	12.06.2009	Útboð	RIKB 25 0612	20.666.000.000	20.666.000.000	9.780.000.000	9.780.000.000	8,000	100,000
21.08.2009	26.08.2009	Útboð	RIKB 25 0612	11.046.000.000	10.410.855.000	8.688.000.000	8.188.440.000	8,676	94,250
20.11.2009	25.11.2009	Útboð	RIKB 25 0612	22.117.000.000	21.818.420.500	12.847.000.000	12.673.565.500	8,147	98,650
18.12.2009	23.12.2009	Útboð	RIKB 25 0612	27.899.000.000	27.899.000.000	22.999.000.000	22.999.000.000	7,991	100,000
22.01.2010	27.01.2010	Útboð	RIKB 25 0612	10.175.000.000	10.103.775.000	8.300.000.000	8.241.900.000	8,073	99,300
05.02.2010	10.02.2010	Útboð	RIKB 25 0612	17.037.000.000	17.275.518.000	6.737.000.000	6.831.318.000	7,829	101,400
19.02.2010	24.02.2010	Útboð	RIKB 25 0612	17.624.000.000	18.206.473.200	1.538.000.000	1.588.830.900	7,620	103,305
12.03.2010	17.03.2010	Útboð	RIKB 25 0612	17.989.000.000	18.807.499.500	3.409.000.000	3.564.109.500	7,484	104,550
09.04.2010	14.04.2010	Útboð	RIKS 21 0414	33.082.000.000	33.082.000.000	5.870.000.000	5.870.000.000	3,800	100,000
23.04.2010	28.04.2010	Útboð	RIKS 21 0414	13.721.000.000	13.858.210.000	6.471.000.000	6.535.710.000	3,687	101,000
07.05.2010	12.05.2010	Útboð	RIKB 19 0226	15.660.000.000	17.836.740.000	11.110.000.000	12.654.290.000	6,608	113,900
21.05.2010	26.05.2010	Útboð	RIKS 21 0414	5.813.000.000	5.821.719.500	3.513.000.000	3.518.269.500	3,782	100,150
04.06.2010	09.06.2010	Útboð	RIKB 25 0612	15.673.000.000	18.070.969.000	4.823.000.000	5.560.919.000	6,385	115,300
25.06.2010	30.06.2010	Útboð	RIKS 21 0414	3.048.000.000	3.153.156.000	1.548.000.000	1.601.406.000	3,411	103,450
09.07.2010	14.07.2010	Útboð	RIKB 25 0612	6.895.000.000	8.094.730.000	4.145.000.000	4.866.230.000	6,179	117,400
09.07.2010	14.07.2010	Útboð	RIKS 21 0414	4.580.000.000	4.678.470.000	3.730.000.000	3.810.195.000	3,554	102,150
23.07.2010	28.07.2010	Útboð	RIKB 19 0226	6.976.000.000	8.235.168.000	3.576.000.000	4.221.468.000	5,990	118,050
23.07.2010	28.07.2010	Útboð	RIKS 21 0414	5.413.000.000	5.545.618.500	4.313.000.000	4.418.668.500	3,520	102,450
20.08.2010	25.08.2010	Útboð	RIKS 21 0414	10.604.000.000	11.027.099.600	7.304.000.000	7.595.429.600	3,346	103,990
10.09.2010	15.09.2010	Útboð	RIKS 21 0414	5.872.000.000	6.559.024.000	5.772.000.000	6.447.324.000	2,525	111,700
22.10.2010	27.10.2010	Útboð	RIKS 21 0414	5.990.000.000	6.131.364.000	4.190.000.000	4.288.884.000	3,525	102,360
05.11.2010	10.11.2010	Útboð	RIKS 21 0414	6.620.000.000	6.935.112.000	6.370.000.000	6.673.212.000	3,253	104,760
21.01.2011	26.01.2011	Útboð	RIKB 31 0124	21.836.000.000	21.595.804.000	10.736.000.000	10.617.904.000	6,601	98,900
04.02.2011	09.02.2011	Útboð	RIKB 31 0124	4.825.000.000	4.641.650.000	3.375.000.000	3.246.750.000	6,854	96,200
04.03.2011	09.03.2011	Útboð	RIKB 31 0124	2.130.000.000	1.986.225.000	1.280.000.000	1.193.600.000	7,144	93,250
29.04.2011	04.05.2011	Útboð	RIKB 31 0124	7.975.000.000	7.495.702.500	6.325.000.000	5.944.867.500	7,070	93,990
29.04.2011	04.05.2011	Útboð	RIKS 21 0414	5.955.000.000	6.519.534.000	5.605.000.000	6.136.354.000	2,700	109,480
20.05.2011	25.05.2011	Útboð	RIKS 21 0414	5.525.000.000	5.961.475.000	4.575.000.000	4.936.425.000	2,870	107,900
28.06.2011	01.07.2011	Útboð	RIKS 30 0701	12.965.400.000	12.965.400.000	12.965.400.000	12.965.400.000	3,250	100,000
16.08.2011	19.08.2011	Útboð	RIKS 30 0701	711.874.251	714.000.000	711.874.251	714.000.000	0,000	100,299
21.10.2011	26.10.2011	Útboð	RIKB 22 1026	15.956.000.000	15.838.404.280	12.461.000.000	12.369.162.430	7,347	99,263
18.11.2011	23.11.2011	Útboð	RIKB 31 0124	12.760.000.000	12.217.700.000	3.780.000.000	3.619.350.000	6,903	95,750

06.01.2012	11.01.2012	Útbod	RIKB 22 1026	6.490.000.000	6.800.871.000	3.900.000.000	4.086.810.000	6,610	104,790
20.01.2012	25.01.2012	Útbod	RIKB 22 1026	1.650.000.000	1.740.750.000	1.400.000.000	1.477.000.000	6,517	105,500
15.02.2012	17.02.2012	Útbod	RIKS 30 0701	17.050.925.408	19.723.800.000	17.050.925.408	19.723.800.000	2,500	115,676
28.03.2012	30.03.2012	Útbod	RIKS 33 0321	416.728.160	418.250.000	416.728.160	417.249.934	3,000	100,125
09.05.2012	11.05.2012	Útbod	RIKS 33 0321	3.020.959.328	3.084.102.000	3.020.959.328	3.084.102.000	3,000	102,090
08.06.2012	13.06.2012	Útbod	RIKB 22 1026	2.970.000.000	2.970.000.000	2.000.000.000	2.000.000.000	7,242	100,000
20.06.2012	22.06.2012	Útbod	RIKS 33 0321	1.541.523.995	1.610.875.007	1.541.523.995	1.610.875.007	2,900	104,499
06.07.2012	11.07.2012	Útbod	RIKB 22 1026	4.350.000.000	4.406.550.000	2.200.000.000	2.228.600.000	7,061	101,300
22.08.2012	24.08.2012	Útbod	RIKB 22 1026	5.012.000.000	5.154.842.000	3.112.000.000	3.200.692.000	6,847	102,850
29.08.2012	31.08.2012	Útbod	RIKS 33 0321	802.979.042	858.925.001	802.979.042	858.925.001	2,770	106,967
07.09.2012	12.09.2012	Útbod	RIKB 22 1026	5.720.000.000	5.805.800.000	4.370.000.000	4.435.550.000	7,034	101,500
03.10.2012	05.10.2012	Útbod	RIKS 33 0321	2.183.057.502	2.382.816.866	2.183.057.502	2.382.900.000	2,650	109,154
19.10.2012	24.10.2012	Útbod	RIKB 31 0124	8.200.000.000	7.818.700.000	2.500.000.000	2.383.750.000	6,953	95,350
07.11.2012	12.11.2012	Útbod	RIKS 33 0321	625.294.249	689.725.001	625.294.249	689.725.001	2,650	110,304
23.11.2012	28.11.2012	Útbod	RIKB 31 0124	6.200.000.000	5.976.800.000	3.600.000.000	3.470.400.000	6,850	96,400
18.12.2012	21.12.2012	Útbod	RIKS 33 0321	985.946.291	1.054.324.999	985.946.291	1.054.324.999	2,900	106,935
18.01.2013	23.01.2013	Útbod	RIKB 22 1026	5.860.000.000	6.125.458.000	5.660.000.000	5.916.398.000	6,600	104,530
25.01.2013	30.01.2013	Útbod	RIKB 31 0124	3.858.000.000	3.701.558.100	3.558.000.000	3.413.723.100	6,900	95,945
05.02.2013	08.02.2013	Útbod	RIKS 33 0321	615.027.841	686.550.000	615.027.841	686.550.000	2,650	111,629
08.02.2013	13.02.2013	Útbod	RIKB 22 1026	4.120.000.000	4.340.420.000	3.920.000.000	4.129.720.000	6,483	105,350
22.02.2013	27.02.2013	Útbod	RIKB 31 0124	7.300.000.000	7.132.100.000	5.800.000.000	5.666.600.000	6,723	97,700
19.03.2013	22.03.2013	Útbod	RIKS 33 0321	662.548.440	717.750.000	662.548.440	717.750.000	2,770	108,332
05.04.2013	10.04.2013	Útbod	RIKB 31 0124	6.890.000.000	6.769.425.000	6.790.000.000	6.671.175.000	6,668	98,250
30.04.2013	03.05.2013	Útbod	RIKS 33 0321	965.580.617	1.052.100.001	965.580.617	1.052.100.001	2,800	108,960
03.05.2013	08.05.2013	Útbod	RIKB 22 1026	7.200.000.000	7.700.400.000	6.000.000.000	6.417.000.000	6,248	106,950
11.06.2013	14.06.2013	Útbod	RIKS 33 0321	3.407.365.023	3.702.299.997	3.407.365.023	3.702.299.997	2,850	108,656
05.07.2013	10.07.2013	Útbod	RIKB 31 0124	6.520.000.000	6.454.800.000	6.420.000.000	6.355.800.000	6,593	99,000
19.07.2013	19.07.2013	Útbod	RIKB 22 1026	3.860.000.000	4.098.162.000	3.760.000.000	3.991.992.000	6,343	106,170
23.08.2013	28.08.2013	Útbod	RIKB 31 0124	4.000.000.000	3.944.000.000	3.200.000.000	3.155.200.000	6,633	98,600
03.09.2013	06.09.2013	Útbod	RIKS 33 0321	539.120.771	600.600.000	539.120.771	600.600.000	2,750	111,404
06.09.2013	11.09.2013	Útbod	RIKB 31 0124	4.330.000.000	4.210.059.000	3.730.000.000	3.626.679.000	6,771	97,230
20.09.2013	25.09.2013	Útbod	RIKB 22 1026	10.200.000.000	10.689.600.000	6.400.000.000	6.707.200.000	6,530	104,800
15.10.2013	18.10.2013	Útbod	RIKS 33 0321	653.262.359	728.699.999	653.262.359	728.699.999	2,790	111,548
22.11.2013	27.11.2013	Útbod	RIKB 31 0124	3.550.000.000	3.464.800.000	3.050.000.000	2.976.800.000	6,737	97,600
03.12.2013	06.12.2013	Útbod	RIKS 33 0321	85.231.440	95.549.999	85.231.440	95.549.999	2,800	112,107
04.02.2014	07.02.2014	Útbod	RIKS 33 0321	4.116.520.469	4.665.924.998	4.116.520.469	4.665.924.998	2,800	113,346
07.02.2014	12.02.2014	Útbod	RIKB 20 0205	10.825.000.000	10.743.812.500	6.725.000.000	6.674.562.500	6,404	99,250
21.02.2014	26.02.2014	Útbod	RIKB 20 0205	3.120.000.000	3.067.272.000	2.120.000.000	2.084.172.000	6,601	98,310
11.03.2014	14.03.2014	Útbod	RIKB 20 0205	3.915.000.000	3.895.425.000	3.165.000.000	3.149.175.000	6,351	99,500
11.04.2014	16.04.2014	Útbod	RIKB 20 0205	1.700.000.000	1.699.150.000	1.400.000.000	1.399.300.000	6,254	99,950
09.05.2014	14.05.2014	Útbod	RIKB 20 0205	1.400.000.000	1.398.600.000	1.400.000.000	1.398.600.000	6,263	99,900
14.05.2014	16.05.2014	Útbod	RIKS 33 0321	255.104.928	284.050.000	255.104.928	284.050.000	2,810	111,346
24.06.2014	27.06.2014	Útbod	RIKS 33 0321	231.674.449	245.520.000	231.674.449	245.520.000	3,200	105,976
02.09.2014	05.09.2014	Útbod	RIKS 33 0321	82.122.672	89.595.000	82.122.672	89.595.000	3,050	109,099
05.09.2014	10.09.2014	Útbod	RIKB 20 0205	7.086.000.000	6.979.710.000	6.186.000.000	6.093.210.000	6,578	98,500
19.09.2014	24.09.2014	Útbod	RIKB 31 0124	9.060.000.000	8.623.308.000	7.210.000.000	6.862.478.000	6,999	95,180
14.11.2014	19.11.2014	Útbod	RIKB 20 0205	7.150.000.000	7.214.350.000	5.850.000.000	5.902.650.000	6,037	100,900

21.11.14	26.11.2014	Útbod	RIKB 31 0124	7.735.000.000	7.658.423.500	4.455.000.000	4.410.895.500	6,599	99,010
16.01.2015	21.01.2015	Útbod	RIKB 20 0205	2.100.000.000	2.148.510.000	2.100.000.000	2.148.510.000	5,708	102,310
16.01.2015	21.01.2015	Útbod	RIKB 31 0124	9.300.000.000	9.313.950.000	6.400.000.000	6.409.600.000	6,484	100,150
10.02.2015	13.02.2015	Útbod	RIKS 33 0321	392.532.343	442.720.033	392.532.343	442.720.033	2,880	112,786
20.02.2015	25.02.2015	Útbod	RIKB 20 0205	830.000.000	842.450.000	270.000.000	274.050.000	5,889	101,500
17.04.2015	22.04.2015	Útbod	RIKB 31 0124	3.720.000.000	3.545.160.000	3.520.000.000	3.354.560.000	6,997	95,300
03.07.2015	08.07.2015	Útbod	RIKB 20 0205	4.850.000.000	4.731.175.000	4.150.000.000	4.048.325.000	6,878	97,550
21.08.2015	26.08.2015	Útbod	RIKB 25 0612	16.900.000.000	19.054.750.000	4.000.000.000	4.510.000.000	6,218	112,750
04.09.2015	09.09.2015	Útbod	RIKB 20 0205	1.500.000.000	1.512.750.000	1.400.000.000	1.411.900.000	6,013	100,850
23.10.2015	28.10.2015	Útbod	RIKB 25 0612	6.475.000.000	7.747.337.500	4.900.000.000	5.862.850.000	5,330	119,650
04.12.2015	09.12.2015	Útbod	RIKB 20 0205	3.970.000.000	4.005.730.000	3.050.000.000	3.077.450.000	5,992	100,900
15.01.2016	20.01.2016	Útbod	RIKB 20 0205	4.100.000.000	4.150.020.000	3.500.000.000	3.542.700.000	5,900	101,220
15.01.2016	20.01.2016	Útbod	RIKB 31 0124	1.072.000.000	1.147.040.000	602.000.000	644.140.000	5,789	107,000
04.03.2016	09.03.2016	Útbod	RIKB 20 0205	5.925.000.000	5.990.175.000	5.170.000.000	5.226.870.000	5,922	101,100
15.04.2016	20.04.2016	Útbod	RIKB 20 0205	900.000.000	911.700.000	500.000.000	506.500.000	5,849	101,300
20.05.2016	20.05.2016	Útbod	RIKB 20 0205	1.300.000.000	1.309.100.000	550.000.000	553.850.000	6,023	100,700
08.07.2016	13.07.2016	Útbod	RIKB 20 0205	2.850.000.000	2.845.155.000	2.500.000.000	2.495.750.000	6,290	99,830
19.08.2016	24.08.2016	Útbod	RIKB 22 1026	4.600.000.000	4.889.800.000	4.600.000.000	4.889.800.000	5,993	106,300
19.08.2016	24.08.2016	Útbod	RIKB 31 0124	2.820.000.000	2.958.180.000	2.820.000.000	2.958.180.000	5,979	104,900
09.09.2016	14.09.2016	Útbod	RIKB 20 0205	3.590.000.000	3.707.034.000	3.170.000.000	3.273.342.000	5,166	103,260
09.09.2016	14.09.2016	Útbod	RIKB 31 0124	4.530.000.000	5.126.148.000	2.800.000.000	3.168.480.000	5,175	113,160
23.09.2016	28.09.2016	Útbod	RIKB 20 0205	3.800.000.000	3.924.070.000	2.200.000.000	2.271.830.000	5,154	103,265
10.10.2016	13.10.2016	Útbod	RIKB 20 0205	2.400.000.000	2.463.600.000	2.400.000.000	2.463.600.000	5,345	102,650
21.10.2016	26.10.2016	Útbod	RIKS 30 0701	15.945.000.000	16.991.789.250	8.220.000.000	8.759.643.000	2,670	106,565
04.11.2016	09.11.2016	Útbod	RIKB 22 1026	2.200.000.000	2.415.600.000	2.100.000.000	2.305.800.000	5,289	109,800
02.12.2016	07.12.2016	Útbod	RIKS 30 0701	3.340.000.000	3.581.482.000	2.439.000.000	2.615.339.700	2,609	107,230
13.01.2017	18.01.2017	Útbod	RIKB 20 0205	9.019.000.000	9.267.924.400	7.579.000.000	7.788.180.400	5,244	102,760
20.01.2017	25.01.2017	Útbod	RIKB 28 1115	14.864.000.000	14.578.165.280	7.114.000.000	6.977.197.780	5,220	98,077
03.03.2017	08.03.2017	Útbod	RIKB 28 1115	7.640.000.000	7.684.694.000	4.450.000.000	4.476.032.500	4,930	100,585
07.04.2017	12.04.2017	Útbod	RIKB 28 1115	8.341.000.000	8.391.046.000	5.061.000.000	5.091.366.000	4,928	100,600
19.05.2017	24.05.2017	Útbod	RIKB 20 0205	5.112.000.000	5.296.032.000	2.002.000.000	2.074.072.000	4,787	103,600
19.05.2017	24.05.2017	Útbod	RIKB 28 1115	7.867.000.000	8.063.675.000	2.400.000.000	2.460.000.000	4,710	102,500
07.07.2017	12.07.2017	Útbod	RIKB 20 0205	3.010.000.000	3.114.146.000	3.010.000.000	3.114.146.000	4,772	103,460
07.07.2017	12.07.2017	Útbod	RIKB 28 1115	1.715.000.000	1.747.242.000	1.700.000.000	1.731.960.000	4,778	101,880
08.09.2017	13.09.2017	Útbod	RIKB 20 0205	2.312.000.000	2.376.736.000	2.312.000.000	2.376.736.000	4,966	102,800
08.09.2017	13.09.2017	Útbod	RIKB 28 1115	4.160.000.000	4.103.507.200	3.960.000.000	3.906.223.200	5,161	98,642
06.10.2017	11.10.2017	Útbod	RIKB 28 1115	3.700.000.000	3.720.350.000	1.950.000.000	1.960.725.000	4,933	100,550
12.10.2017	16.10.2017	Útbod	RIKV 18 0416	6.100.000.000	5.972.022.000	3.900.000.000	3.818.178.000	4,239	97,902
20.10.2017	25.10.2017	Útbod	RIKB 22 1026	2.910.000.000	3.213.513.000	2.470.000.000	2.727.621.000	4,852	110,430
10.11.2017	15.11.2017	Útbod	RIKB 28 1115	5.430.000.000	5.506.020.000	1.930.000.000	1.957.020.000	4,833	101,400
13.11.2017	15.11.2017	Útbod	RIKV 18 0515	8.340.000.000	8.167.111.800	2.390.000.000	2.340.455.300	4,210	97,927
08.12.2017	13.12.2017	Útbod	RIKB 28 1115	2.225.000.000	2.261.779.250	1.475.000.000	1.499.381.750	4,801	101,653
13.12.2017	15.12.2017	Útbod	RIKV 18 0615	4.310.000.000	4.220.395.100	1.910.000.000	1.870.291.100	4,200	97,921
25.01.2018	29.01.2018	Útbod	RIKV 18 0416	3.445.000.000	3.414.339.500	3.345.000.000	3.315.229.500	4,198	99,110
26.01.2018	31.01.2018	Útbod	RIKB 22 1026	3.680.000.000	4.045.792.000	2.230.000.000	2.451.662.000	4,842	109,940
22.02.2018	26.02.2018	Útbod	RIKV 18 0807	4.828.000.000	4.738.585.440	4.128.000.000	4.051.549.440	4,193	98,148
23.02.2018	28.02.2018	Útbod	RIKB 22 1026	1.070.000.000	1.170.954.500	1.070.000.000	1.170.954.500	4,924	109,435
23.02.2018	28.02.2018	Útbod	RIKB 28 1115	1.250.000.000	1.226.250.000	1.250.000.000	1.226.250.000	5,233	98,100
<b>Samtals</b>				<b>929.241.279.578</b>	<b>940.664.114.154</b>	<b>575.876.279.578</b>	<b>587.317.596.822</b>		